

Mál nr. 213/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysátryggingar sjómanna.

Sjómaður slasaðist á hendi þegar hann féll 18.11.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 29.6.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-14.
2. Bréf V dags. 17. júlí 2017.

Málsatvik.

M segist hafa hrasað í trolli við velting skips 18.11.2014, fallið og borið fyrir sig vinstri hönd og slasast við það. M leitaði til læknis daginn eftir. M krefst bóta úr slysátryggingu sjómanna hjá V og telur að árstilkynningafresturinn skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi ekki verið liðinn þegar V var tilkynnt um slysið 24.8.2016. Af hálfu M er því haldið fram að hann hafi ekki vitað hversu alvarlegur áverki hans væri fyrr en í febrúar 2016. V hafnar bótaskyldu og rekur komur M til lækna á árinu 2014 og segir að 23.2.2015 komi M á heilsugæslu vegna handalögmála aðfararnótt 22.2.2015 vegna tognunar á vinstri þumli. V telur að M hafi ekki gætt þess að tilkynna V um slysið innan árs frá því að honum voru ljós atvika að baki kröfunnar sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Þá telur V að ekki sé sýnt fram á orsakatengsl atviksins sem M lýsir að hafi átt sér stað 18.11.2014 og óþæginda hans í dag. Því til stuðnings vísar V til komu M á heilsugæslu með óþægindi í vinstri hönd vegna handalögmála 23.3.2015 og í þeirri heimsókn hafi ekki verið minnst á slysið 18.11.2014. M leiti síðan ekki til læknis fyrr en 15.2.2017 þar sem fjallað sé um slysið, en það sé í fyrsta sinn utan þeirra heimsókna til læknis sem M hafi átt á á árinu 2014. Þá segir V að M hafi hlotið áverka á miðhandarbeini vinstri handar árið 2010 fyrir utan áverka á vinstri handar þumli eftir slagsmál í ársbyrjun 2015 og telur V að orsakatengsl séu því ekki fyrir hendi hvað varðar það sem er að hrjá M nú og slyssins 18.11.2014.

Álit.

M ber sönnunarbyrði fyrir því að orsakatengsl séu á milli tjónsatviksins og þeirra einkenna sem hann tilkynnir um til V í ágúst 2016. Af hálfu M er ekki sýnt fram á þau óþægindi sem M á við að etja nú og leitar m.a. til læknis vegna á árinu 2017 tengist ótvírætt slysaatviki því sem vátrygging V tekur til og átti sér stað 18.11.2014. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr slysátryggingu sjómanna hjá V og þarf ekki að taka afstöðu til þess hvort tjónið hafi verið tilkynnt innan ársfrests 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík 17.8. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.